

Tíundi fundur haldinn að Breiðabliki mánudaginn 14. desember 2020 að Breiðabliki kl. 21:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Forsendur fyrir fjárhagsáætlun vegna 2021.

- Útvarsprósenta 2021. Samþykkt að hafa hana óbreytta, 14,48 %
- Fasteignagjöld vegna 2021. Samþykkt að á A og C hluta 0,5 % með jöfnum gjalddögum frá júní til nóvember.
- Afsláttur á fasteignagjöldum. Samþykkt samhljóða að eldri borgarar fái 50 % afslátt af íbúðarhúsnæði eins og verið hefur.
- Laun hreppsnefndar, nefnda, oddvita og skrifstofukostnaður fyrir 2021. Miðað við launaflokk 149 í kjarasamningum Sambands isl. Sveitarfélaga og SDS.

| | |
|---|------|
| Oddviti | 64 % |
| Hreppsnefndarmenn | 8 % |
| Formenn nefnda | 7 % |
| Aðrir nefndarmenn | 5 % |
| Kjörstjórn sveitarstjórnar | 16 % |
| Kjörstjórn forseta / alþingis | 8 % |
| Skrifstofukostnaður ákveðinn 210 þúsund á ári | |
| Samþykkt samhljóða. | |

2. Fjárhagsáætlun vegna 2021 fyrir Eyja og Miklaholtshrepp. seinni umræða.

- Umsóknir um styrki. Samþykkt að veita foreldrafélagi Laugargerðisskóla styrk upp á kr. 250.000,- vegna ársins 2021
- Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Lagt fram til kynningar

Í áætluninni fyrir 2021 er gert ráð fyrir 12.8 milljóna halla á rekstri Eyja- og Miklaholtshrepps. Til að koma til móts við hallan verður hann tekinn af handbæru fé og þar með engin þörf að taka lán vegna hallans. Með því er sveitarstjórn hins vegar að nýta góða stöðu sveitarfélagsins til að halda áfram að viðhalda og bæta eignir sveitarfélagsins og einnig á þessum erfiðu tímum halda gjöldum á íbúa og fyrirtæki í sveitarfélaginu í lágmarki en ljóst er að árið 2021 verður mörgum erfitt. Áætlunin samþykkt samhljóða.

3. Þriggja ára fjárhagsáætlun, seinni umræða. Áætlunin samþykkt samhljóða.
4. Drög að samning um þjónustu trúnaðarlæknis. Málinu frestað.
5. Viðhald Laugargerðisskóla. Oddviti fór yfir stöðuna á þeim málum.
6. 161. Fundargerð Heilbrigðisnefndar. Lögð fram til kynningar.
7. 162. Fundargerð Heilbrigðisnefndar. Lögð fram til kynningar.
8. 163. Fundargerð Heilbrigðisnefndar. Lögð fram til kynningar.

9. Opinber fundargerð 189 fundar félagsmálanefndar. Lögð fram til kynningar.
10. 155 fundargerð stjórnar SSV. Lögð fram til kynningar.
11. 156 fundargerð stjórnar SSV. Lögð fram til kynningar.
12. 157 fundargerð stjórnar SSV. Lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Katrín Gísladóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)